

# Umhverfisvottun Snæfellsness

Ársskýrsla 2019



HELGAFELLESSVEIT



GRUNDAFJARÐARÞÉTTBÝLI



SNÆFELLSÞÉTTBÝLI



STYKKISHÓLMSÞÉTTBÝLI



EYJA- OG  
MIRLAHÖFÐISÞÉTTBÝLI



EARTHCHECK



## Efnisyfirlit

Umhverfisvottun Snæfellsness.....	3
Byggðasamlag Snæfellinga .....	3
Dagleg starfsemi.....	3
Fjármögnun .....	4
Árangur sveitarfélaganna á árinu .....	4
Helstu verkefni .....	5
Árvið verkefni .....	5
Afmörkuð/tímabundin verkefni .....	7
Úttekt og vottun .....	8
Umhverfisvísar.....	8
Orkunotkun .....	8
Losun gróðurhúsalofttegunda .....	9
Neysluvatn.....	11
Úrgangsmál.....	12
Innkaup.....	13
Samfélagsmál .....	14
Aðrir skylduvísar .....	15
Fyrirlestrar .....	17
Aðsendar greinar í vikublöð .....	17
Viðtöl .....	17

# Umhverfisevntun Snæfellsness

Árið 2008 hlutu sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, umhverfisevntun EarthCheck samtakanna sem umhverfisevntað samfélag sem ynni markvisst að úrbótum í umhverfismálum í átt til sjálfbærari starfshátta. Höfðu sveitarfélögin unnið umfangsmikla undirbúningsvinnu til fimm ára áður en evntun hlaut. Áfanginn vakti athygli innan lands sem utan þar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru þau fyrstu í Evrópu til þess að hljóta slíka evntun og fjórða samfélagið í heiminum öllum. Evntunarsamtökin krefjast sífelldra úrbóta á sviði umhverfismála á milli ára og á svæðið mætir óháður úttektaraðili sem tekur svæðið út árlega með endurnýjaða evntun í huga. Á heimasíðu evntunarverkefnisins ([www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is)) er hægt að finna upplýsingar um evntunarsamtökin, sjálfbærnistefnu sveitarfélaganna og upplýsingar um umhverfisevntun sveitarfélaganna almennt.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir umhverfisevntunarverkefninu á Snæfellsnesi árið 2019 og niðurstöður tölulegra gagna árið 2018.

## Byggðasamlag Snæfellinga

Umhverfisevntunarverkefninu á Snæfellsnesi er stýrt af Byggðasamlagi Snæfellinga. Byggðasamlagið var formlega stofnað í febrúar 2004<sup>1</sup>. Það heyrir undir Héraðsnefnd Snæfellinga sem er samráðsvettvangur sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi. Byggðasamlaginu er ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af sveitarfélögunum í tengslum við umhverfisevntun Snæfellsness. Ráðið er skipað bæjarstjórum og oddvitum sveitarfélaganna fimm sem aðild eiga að evntuninni.

Fulltrúar Byggðasamlags Snæfellinga árið 2019 voru:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Jakob, Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

Björg Jakobsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Guðrún Reynisdóttir, oddviti Helgafellssveitar

Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps

## Dagleg starfsemi

Byggðasamlag hefur gert þjónustusamning við Náttúrustofu Vesturlands um að sinna daglegum rekstri verkefnisins. Á Náttúrustofunni starfar faglærður starfsmaður í stöðu verkefnastjóra umhverfisevntunar Snæfellsness, sem sinnir daglegum störfum vegna umhverfisevntunarinnar ásamt því að leiða framkvæmd verkefnisins. Hann undirbýr og situr alla fundi Byggðasamlagsins. Guðrún Magnea Magnúsdóttir hefur gengt stöðu verkefnastjóra frá 1. september 2017. Starfshlutfall verkefnastjóra er 80%.

---

<sup>11</sup> Þá undir heitinu Framkvæmdaráð Snæfellsness, en breytt í Byggðasamlag Snæfellinga í byrjun 2017

Dagleg starfsemi verkefnisins felst ekki einungis í störfum verkefnastjóra og annarra starfsmanna Náttúrustofunnar. Allir starfsmenn og stofnanir sveitarfélaganna eiga að hafa stefnu verkefnisins í huga við ákvarðanir sem tengjast daglegum rekstri. Þannig bera t.d. ákveðnir starfsmenn stofnana sveitarfélaga ábyrgð á tölulegum skráningum til útreikninga sjálfbærnisvísu, sem verkefnastjóri safnar svo saman. Stykkishólmshólmur sér um greiðslur og bókhald verkefnisins.

## Fjármögnun

Kostnaður við umhverfisstöðun Snæfellsness árið 2019 var um 13 milljónir. Stærstur hluti þess kostnaðar voru laun verkefnastjóra en annar kostnaður var meðal annars skráningargjöld hjá vottunarsamtökum EarthCheck og kostnaður við komu úttektaaðila á svæðið, utanaðkomandi ráðgjöf, auk bókhaldsþjónustu. Rekstrarfé verkefnisins kom að mestu frá þeim fimm sveitarfélögum sem að verkefninu standa og skiptist kostnaður á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda hvers sveitarfélags.

## Árangur sveitarfélaganna á árinu

Vottunarsamtökin EarthCheck meta fyrst og fremst árangur á starfsemi sveitarfélaganna, sérstaklega framtak sem miðar að aukinni náttúruvernd og eflir samfélag og auðlindanotkun og losun sorps og gróðurhúsalofttegunda ásvæðinu. Árið 2019 var nokkur árangur hjá sveitarfélögum í þágu umhverfis og samfélags.

### *Bætt aðgengi ferðamanna og styrkir úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða*

Síðastliðin ár hafa sveitarfélögin unnið að því í samstarfi við aðra hagsmunaaðila að bæta aðgengi ferðamanna á vinsælum viðkomustöðum Snæfellsness. Verkefni sem þessi, að viðhalda verðmætum stöðum til verndar náttúru og til þess að gestir fái að njóta þeirra, skipta miklu máli. Víða á Snæfellsnesi eru áform um að halda áfram að gera áningastaði og bæta aðstöðu á þeim sem fyrir eru og bæta samgöngur. Þetta er gert í því skyni að tryggja öryggi ferðamanna, byggja upp innviði og vernda náttúru á einum af fjölsóttustu ferðamannastöðum á Íslandi. Grundarfjarðarbær hlaut styrk til að tryggja öryggi ferðafólks sem heimsækir Kirkjufell og takmarka umferð á svæðið. Verkefnið er mikilvægt í þeim tilgangi að ganga í skugga um að upplýsingum um aðstæður við Kirkjufell berist til ferðamanna og dragi úr slyshættu. Umhverfisstofnun hlaut nokkra styrki til uppbyggingar á aðgengi ferðamanna um friðlönd Snæfellsness. Styrkir hlutust til að bæta aðgengi, bílastæði, göngustíga og aðgengi að salerni. Framkvæmdir á samgöngum og áningastöðum á Snæfellsnesi miða áfram. Langþráður vegur á Fróðarheiði er langt á veg kominn. Með honum mun aðgengi batna til muna og ennfremur auka öryggi á veginum.

### *Árleg umhverfishreinsun Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar*

Íbúar í Eyja- og Miklaholtshrepp og í sveitum í Snæfellsbæ taka þátt í árlegri umhverfishreinsun í byrjun sumars. Gámum er komið fyrir á ákveðnum stöðum þar sem íbúar geta komið frá sér hlutum til förgunar, sérstaklega brotajárni, úrgangstimbri og spilliefnum.

### *Orkusparnaður*

Síðastliðin ár hefur Snæfellsbær unnið að því að skipta út orkugjafa í nokkrum af stofnunum sínum. Fimm stofnanir Snæfellsbæjar sem kynda með varmadælum í stað raforku hafa náð að spara orkunotkun frá 23-75% á ári, allt eftir umfangi starfsemi hvernar stofnunar og tegundir varmadælna. Auk þess að minnka orkuneyslu hefur sveitarfélagið lagt áherslu á að hvetja íbúa á svæðinu einnig að endurskoða sína orkunotkun. Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær vinna einnig að leiðum til orkusparnaðar, m.a. með því að bæta einangrun í stofnunum sínum og að skipta út orkufrekum ljósaperum.

### *Gestastofan á Breiðabliki*

Samtök Sveitarfélaganna á Vesturlandi voru meðal þriggja sem hlutu styrk var eitt af sjö verkefnum sem hlutu styrk Byggðastofnunar til uppbyggingar Gestastofu Snæfellsness og ferðaþjónustu á sunnanverðu Snæfellsnesi. Var styrkurinn nýttur m.a. í endurbætur á húsnæðinu á Breiðabliki og umhverfi sem mun auðvelda þjónustu við ferðamenn sem sækja svæðið í leit að upplýsingum um svæðið. Opnunarhátíð Gestastofunnar á Breiðabliki var haldin 22. júní með glæsibrag. Umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt félagsmálaráðherra voru viðstaddir ásamt sveitastjórnarmönnum Snæfellsness.

### *Þjóðgarðsmiðstöð*

Umhverfis- og auðlindaráðherra tók skóflustungu fyrir þjóðgarðsmiðstöðina á Hellisandi. Þetta var stór áfangi þjóðgarðsins en 13 ár eru frá því að fyrsta skóflustungan var tekin, en nú eru framkvæmdir hafnar á svæðinu.

### *Umhverfisgöngur*

Skipulagðar umhverfisgöngur fóru vel fram í sveitarfélögunum þar sem bæjarstjórar, skipulags- og umhverfisnefndir og íbúar röltu um hverfi bæjanna og farið var yfir það sem betur mætti fara í umhverfismálum. Göngurnar voru allar mjög vel heppnaðar og margt hefur farið í ferli í kjölfar þeirra.

## **Helstu verkefni**

Tvíþætt starfsemi fellur undir vottunarverkefnið. Annars vegar er um að ræða verkefni sem nauðsynlegt er að framkvæma árlega til þess að viðhalda vottun. Hins vegar er um að ræða ýmis tilfallandi verkefni sem styðja við vottunina og ýta undir hvers kyns úrbætur í umhverfismálum á Snæfellsnesi. Helstu verkefni á vegum umhverfisvottunar Snæfellsness árið 2019 voru eftirfarandi:

### **Árviss verkefni**

#### *Gagnasöfnun og vöktun*

Eitt af árlegum verkefnum í tengslum við umhverfisvottun sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er gagnasöfnun vegna frammistöðumats svæðisins. Meðal þeirra gagna sem þarf að afla eru mæling svonefndum umhverfisvísnum eða sjálfbærnisvísnum, þá einkum auðlindanotkun, neyslu og sorplosun. Þessum gögnum er skilað inn til vottunarsamtakanna sem meta hvort svæðið hefur staðist viðmið. Að auki er stefnumótun, áætlanagerð og aðferðafræði við útreikninga á gögnum metin, meðal annarra þátta. Niðurstöður

vottunarsamtakanna um frammistöðu sveitarfélaganna í samkvæmt umhverfisvísunum er að finna hér aftast í skýrslunni.

### *Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna*

Vottunarsamtökin gera kröfur um að sveitarfélögin samþykki framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Áætlunina skal endurskoða árlega og í lok hvers árs skal Byggðasamlag meta hvernig sveitarfélögin hafa staðið sig í að fylgja áætluninni eftir. Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna 2019-2023 var uppfærð og samþykkt sumarið 2019.

### *Ýmis samskipti*

Eins og undanfarin ár sá verkefnastjóri um samskipti við EarthCheck vottunarsamtökin hvað varðar ýmis hagnýt málefni, greiðslur, undirbúning úttektar og fleira tilfallandi. Árið 2019 var svipað fyrri árum hvað samskipti verkefnastjóra við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir varðar.

### *Undirbúningur úttektar og móttaka úttektaraðila*

Til þess að viðhalda vottun er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Koma úttektaraðila á svæðið felur í sér nokkurn undirbúning hjá verkefnastjóra. Undirbúningur úttektar fór fram um haustið og úttekt framkvæmd í október.

### *Fræðsla og kynning*

Heimasíðan **www.nesvottun.is** er haldið út þar sem allar helstu upplýsingar um verkefnið má finna, auk fréttar, ljósmynda og aðstandendur verkefnisins. Auk heimasíðunnar sér verkefnastjóri um síður verkefnisins á samfélagsmiðlum. Þar eru settar inn fréttir af verkefninu og ýmis konar fróðleikur um umhverfismál.

Verkefnastjóri veitir fræðslu fyrir ýmsa hópa sem koma í þeim tilgangi að fræðast um sjálfbærnimarkmið sveitastjórna eða þeim sem sækjast eftir fræðslu um verkefnið. Á árinu tókum við á móti nokkrum hópum, erlendis frá, sem fengu fræðslu um sjálfbærnimarkmið sveitarfélaganna, árangur og umhverfsvottunarverkefnið almennt. Einnig fór verkefnastjóri á opna fundi eða lokaða fundi hjá félagssamtökum og veitti fræðslu um samfélagslega ábyrgð og umhverfismál.

### *Umfjöllun*

Umhverfsvottunarverkefni Snæfellsness fékk töluverða fjölmiðlaumfjöllun á árinu. Verkefnastjóri skrifaði nokkrar greinar um umhverfsvottunarverkefnið eða annarskonar umhverfismál á svæðinu. Einnig voru tekin viðtöl við verkefnastjóra; annars vegar útvarpsviðtal í Samfélaginu á Rás 1 þann 25. Mars um 10. vottun EarthCheck og um verkefnið almennt, og hins vegar viðtal við Skessuhornið um kynningarferð umhverfsvottunarinnar til Azoreyja og verkefnið almennt.

## *Úrbætur athugasemda*

Árið 2019 fór töluverð vinna í úrbætur athugasemda. Auk frammistöðuskýrslu fær Snæfellsnes úttektarskýrslu eftir hverja úttekt. Í báðum skýrslum eru ýmist ráðleggingar um úrbætur eða kröfur um úrbætur. Úttekt var framkvæmd í október á árinu og í kjölfarið var farið að vinna í úrbótum á þeim athugasemdum sem EarthCheck fór fram á, ýmist minniháttar eða meiriháttar.

## **Afmörkuð/tímabundin verkefni**

### *Earth Hour*

Snæfellsnes tók þátt í Earth Hour sem er alþjóðlegur umhverfisviðburður sem felst í því að fá fólk til þess að vera meira jarðbundin og slökkva ljós á helstu mannvirkjum í heiminum kl. 20:30 á staðartíma. Slagorð viðburðarins er „connect to earth“. Vel var tekið í viðburðinn á Snæfellsnesi, en slökkt var á allri götulýsingu og lýsingu í stofnunum sveitarfélaganna. Fjögur fyrirtæki tóku þátt í verkefninu auk sveitarfélaganna og buðu upp á ýmsa myrkvaða stemningu. Vel var sótt í flesta viðburði

### *Norræni strandhreinsunardagurinn*

Þann 4. maí var Norræni strandhreinsunardagurinn haldinn „hátíðlegur“ víða um land.

Umhverfivottunarverkefnið í samstarfi við Svæðisgarðinn og fleiri hélt utan um verkefnið og gekk undirbúningur og framkvæmd þess mjög vel. Frábær þátttaka var á strandhreinsun á Snæfellsnesi um helgina. Strandhreinsunarverkefnið var hluti af Norræna strandhreinsideginum, en hreinsanir voru einnig á tveim öðrum landsvæðum. Á Snæfellsnesi var hreinsað á fjórum svæðum í góðu veðri: við Grundarkamp í Grundarfirði, Fúlúvík og nágrenni í Stykkishólmi og á tveim svæðum í Snæfellsbæ; á Hraunlandarífi við Breiðavík og Beruvík í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Alls tóku þátt um 100 manns, bæði Snæfellingar og gestir, og skemmtu sér vel. Gróft áætlað var heildarmagn þess rusls sem fjarlæggt var úr náttúru Snæfellsness þennan dag um tíu tonn. Mest bar á netadræsum og plastbútum, stórum og smáum, og var hluti þeirra augljóslega búinn að vera lengi úti í náttúrunni.

### *Heimsókn til Azoreyja*

Verkefnastjóra EarthCheck vottunar var boðið til Azoreyja af þarlandum yfirvöldum til þess að kynna reynslu og árangur Snæfellsness í sjálfbærnimarkmiðum sínum og EarthCheck verkefninu frá síðustu aldamótum. Kynningin fór fram á fyrsta árlega svæðisfundi eyjaklasans, 11.-14. apríl, sem markaði upphaf á markvissu samstarfi aðila í einkageiranum og opinberum geira við að innleiða sjálfbærnimarkmið í ferðaþjónustu. Þátttakendur ráðstefnunnar voru forvitnir að vita hvernig okkur hefur gengið að taka á móti auknum fjölda ferðamanna, t.d. hvort slæmar afleiðingar væru af því að fjöldi fólks sækir áningastaði á Snæfellsnesi. Sem betur fer höfum við náð að vinna að endurbótum við áningastaði hér á Snæfellsnesi og erum enn að. Þar að leiðandi hefur álag ekki verið eins mikið og það gæti hafa verið, en að sjálfsögðu eru verkefni framundan til að vernda náttúru og ímynd svæðisins. Samstarf Azoreyja og Snæfellsness mun halda áfram á næstu misserum. Við höfum ýmislegt að læra hvort af öðru og það er alltaf gott að fá innsýn í aðferðir annarra samfélaga. Mikill heiður var að fá að kynna mikilvægt verkefni líkt og umhverfivottunarverkefni Snæfellsness fyrir ráðamönnum, íbúum og rekstraraðilum í 310 þúsund manna byggð. Að veita innblástur að umhverfisvænni lifnaðarháttum samfélaga er í sjálfu sér mikill árangur í

umhverfismálum. Ekki einungis erum við að vinna í okkar eigin sjálfbærnimarkmiðum, heldur einnig stuðla að slíkum markmiðum annarsstaðar í heiminum.

## Úttekt og vottun

Til þess að viðhalda vottuninni er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Árið 2019 hófst undirbúningur fyrir úttekt árið 2019 og var hún framkvæmd í byrjun ágúst. Tölulegum gögnum um auðlindanotkun sveitarfélaganna var skilað til vottunarsamtakanna EarthCheck í júní 2019 sem sendu skýrslu til baka um frammistöðu Snæfellsness og samþykktu sjálfsmat sveitarfélaganna. Hér að neðan eru niðurstöður þeirrar úrvinnslu, staða tölulegra gagna með athugasemdum og ráðleggingum. Í kjölfar úttektar komu nokkrar athugasemdir sem þurfti að laga áður en vottun yrði afhent.

## Umhverfisvísar


Á hverju ári er upplýsingum um auðlindanotkun sveitarfélaganna safnað saman. Þetta verkefni er unnið í samvinnu verkefnastjóra, starfsfólks og íbúa sveitarfélaganna og stofnana sem starfa á landsvísu. Unnið er úr upplýsingunum og þær sendar til EarthCheck í Ástralíu, sem vinnur þær enn frekar og reiknar út frammistöðu sveitarfélaganna. Vottunarsamtökin gefa í kjölfarið út frammistöðuskýrslu um niðurstöður hvers árs (Benchmarking assessment report).

Samkvæmt skýrslu EarthCheck fyrir tölur ársins 2018 stóðust sveitarfélögin á Snæfellsnesi viðmið samtakanna. Sautján af þeim umhverfisvísam sem metnir eru voru við eða yfir lágmarksviðmiðum og sex af þeim voru yfir því sem samtökin telja framúrskarandi árangur. Þrjár vísar falla fyrir neðan það sem skilgreint er sem lágmarksviðmið; flatarmál svæða sem vernduð eru sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins, aðgerðir til vatnssparnaðar og umhverfisvottuð fyrirtæki í ferðaþjónustu. Sveitarfélögin eru hvött til þess að vinna að úrbótum hvað þessa þætti varðar. Hér á eftir verður fjallað um þá umhverfisvísa sem fylgst er með á Snæfellsnesi, hvernig gögnum er safnað og niðurstöður fyrir árið 2018 skoðaðar. Myndirnar sem sýna niðurstöður útreikninganna eru fengnar úr skýrslum EarthCheck.

## Orkunotkun

Orkuvísir EarthCheck skiptist í fimm þætti; raforku sem keypt er úr dreifikerfi rafveitnanna, orku sem fengin er á svæðinu svo sem hitaveita, eldsneytisnotkun ökutækja, olíunotkun til kyndingar mannvirkja og flotaolía frá skemmtiferðaskipum svæðisins (Baldur og Særún). Upplýsingar um orkunotkun eru misaðgengilegar eftir uppsprettum og að sama skapi er misjafnt að hve miklu leyti sveitarstjórnirnar á Snæfellsnesi geta haft áhrif á nýtingu orkunnar. Á myndinni má sjá mikinn mun á orkunotkun á árinu 2018 og árunum á undan. Munurinn er útskýrður á töluverðri minnkun á raforku og hitaveitu sem framleidd og neydd er á svæðinu og breyttri aðferðafræði við útreikninga eldsneytisnotkunar á svæðinu. Árið 2018 var aðferðafræðin endurskoðuð og í ljós kom að svæðið hafði verið að notast við gamlar tölur um meðalneyslu ökutækja. Héðan í frá verður notast við tölur frá Orkusetri um meðalneyslu ökutækja ár hvert.





1. mynd Orkunotkun á mannár á Snæfellsnesi<sup>2</sup>. Græna línan sýnir framúrskarandi árangur og sú bláa sýnir lágmarkskröfur EarthCheck. Orkunotkun á Snæfellsnesi árið 2018 var 145,9 GJ eða 17% yfir lágmarksviðmiðum EarthCheck. Af myndinni má sjá að orkunotkun hefur staðið í stað á árunum 2007-2016 en skyndilega minnkaði árið 2017.


## Losun gróðurhúsalofttegunda

Á Snæfellsnesi er stærsti hluti beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum (bíla- og skipaumferð) og notkun vinnuvéla, en raf- og hitaveitur losa hlutfallslega lítið. Sundlaugin í Grundarfirði er hituð með olíu og er olía sömuleiðis varaafli fyrir íþróttamannvirki í Ólafsvík og hitaveituna í Stykkishólmi (en notkun hennar er mjög sjaldgæf). Loks má geta þess að umtalsvert magn af gróðurhúsalofttegundum losnar vegna umsvifa fiskiskipaflota svæðisins. Eins og hjá öðrum Jarðarbúum fylgir Snæfellingum einnig heilmikil óbein losun vegna kaupa þeirra á ýmsum vörum, sem valdið hafa mismikilli losun í framleiðslu- og flutningsferli. Síðast en ekki síst ber hér að nefna að rannsóknir hafa sýnt að umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda verður úr framræstu votlendi og á það ekki síður við hér en annars staðar.


Vottunarsamtökin reikna út meðallosun á svæðinu út frá þeim gögnum sem skilað er, þ.e. losun ökutækja sem skráð eru í eigu á Snæfellsnesi, skemmtiferðaskipunum Baldri og Særúnu, og óbeinni losun frá sorplosun. Það er ýmislegt sem vantar í gagnagrunninn til þess að fá raunhæfa mynd af allri losun á svæðinu, t.d. losun frá ökutækjum ferðamanna og fiskibátaflotans, en því miður eru takmörk sett hvernig við getum aflað okkur gagna. Á árinu 2017 má sjá gífurlega lækkun losun koltvísýrings, en hún er útskýrð

<sup>2</sup> Mannár er reiknað út frá íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Fjöldi ferðamanna á svæðinu er reiknaður út frá gistinóttum á svæðinu. Mannár á Snæfellsnesi árið 2018 voru 5.118.

út frá uppfærðri aðferðafræði. Vorið 2018 fengum við ráðgjöf frá Stefáni Gíslasyni, sérfræðingi og stofnanda Environice ehf. Farið var yfir aðferðafræði við útreikninga og í ljós kom að uppfæra þurfti útreikninga við losun jarðefnaeldsneytis frá ökutækjum. Einnig komumst við í áreiðanleg gögn um meðallosun ökutækja á Íslandi eftir ári sem gefur okkur skýrari mynd af meðallosun ár hvert. Vottunarsamtökin reikna einnig út magn gróðurhúsalofttegunda sem losna við urðun á úrgangi (mynd 3).



2. mynd Bein losun gróðurhúsalofttegunda á íbúa á Snæfellsnesi var 3,1 tonn af CO<sub>2</sub> eða 25,3% yfir lágmarksviðmiðum viðmiðum EarthCheck. Af myndinni má sjá að losun jókst frá 2003-2007 en svo minnkað árið 2017. Minnkun losunar má að hluta til draga frá uppfærðri aðferðafræði og greiðara aðgengi að gögnum.



3. mynd Losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs sem urðaður var árið 2018 var reiknuð sem 0,44 tonn af CO<sub>2</sub> á mannár. Losunin hefur aukist hægt frá 2014.

# Neysluvatn

Upplýsingar um vatnsnotkun voru bæði byggðar á mældum og áætluðum tölum. Tölur um vatnsnotkun í Stykkishólmi og Grundarfirði eru byggðar á raunverulegum tölum þar sem Orkuveita Reykjavíkur sem er eigandi að vatnsveitunum þar er með nákvæma mæla fyrir sínar vatnsveitur. Vatnsnotkun fyrir Snæfellsbæ var áætluð sú sama og fyrir Grundarfjörð. Fyrir dreifbýlið var notkunin áætluð út frá meðaltalstölum svipaðra svæða á Íslandi (700 l /mann/dag (innifalið iðnaður, fiskvinnsla og landbúnaður).




4. mynd Neysluvatnsnotkun á Snæfellsnesi var 519 kílólitrar á mannár, eða 10,4% yfir því sem metinn er framúrskarandi árangur af EarthCheck. Af myndinni má sjá að notkunin minnkaði talsvert á árunum 2006-2008, en jókst svo aftur eitthvað frá 2009-2013. Árið 2014 virðist hafa dregið verulega úr neysluvatnsnotkun á Snæfellsnesi.

# Úrgangsmál




5. mynd Magn úrgangs sem sendur var til urðunar árið 2018 var 1.4 rúmmetrar á mannár, eða 12,5% yfir lágmarksviðmiðum EarthCheck. Á línuritinu má sjá hæga þróun á aukningu á sorpi sent til urðunar.




6. mynd Hlutfall endurunnins úrgangs var 47,6% á árinu 2018.

## Innkaup

Sveitarfélögin hafa sett sér sameiginlega stefnu um að kaupa umhverfismerktan pappír og hreinsiefni þar sem kostur gefst. Samkvæmt kröfum EarthCheck safna sveitarfélögin tölum yfir hlutfall umhverfismerkts pappírs og hreinsiefna sem keypt eru á vegum sveitarfélaganna. Þessi gögn eru fengin frá þeim birgjum sem sveitarfélögin eiga viðskipti við. Verkefnastjóri tekur gögnin saman og sendir niðurstöðurnar inn til vottunarsamtakanna. Samtökin gefa sveitarfélögunum einkunn fyrir umrædd innkaup (sjá myndir 7 og 8). Vottunarsamtökin gera enn fremur kröfur um að fylgst sé með notkun varnarefna sem skaðleg eru náttúrunni. Þetta eru efni sem brotna hægt niður í náttúrunni og valda ýmiss konar skaða, þar á meðal með því að hafa hormónaverkun á ýmsar lífverur. Skráning sveitarfélaganna hefur ekki náð nægilega vel utan um notkun umhverfissaðlegra varnarefna gegn skordýrum, nagdýrum, sveppum og gróðri. Notkunin er að líkindum fremur lítil en skortur á haldbærum upplýsingum skýrist einkum af því að undirverktakar sjá oft um eitrun, t.d. gegn skaðvöldum á gróðri. Með nýrri stefnu og verkáætlun um meðferð varnarefna verður auðveldara að fylgjast með notkun varnarefna innan sveitarfélaganna




7. mynd Hlutfall af umhverfismerkts pappírs af heildarpappírsinnkaupum til sveitarfélaganna, nánar tiltekið skipt í skrifstofupappír, servíettur, bréfpurrkur, salernispappír og handpurrkur. Á árinu 2018 taldist árangur Snæfellsness í þessu sambandi vera 91,7%, og er rétt yfir framúrskarandi árangri. Hlutfall umhverfissvottaðra pappírsvara sem keyptar eru hjá sveitarfélögunum hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2005.




8. mynd Hlutfall umhverfismerktra hreinsiefna af heildarnotkun í stofnana sveitarfélaga á Snæfellsnesi, nánar tiltekið skipt í gólfsápur, teppahreinsiefni, alhliða hreinsiefni til innanhúss nota, hreinsiefni til utanhúss nota, glerhreinsiefni, þvottaefni og sápur fyrir líkamsþvott. Á árinu 2018 taldist árangur stofnana sveitarfélaga á Snæfellsness í þessu sambandi vera 63% sem er rétt yfir lágmarksviðmiðum. Hlutfall umhverfismerktra hreinsivara var hæst árið 2010 og samkvæmt þessum gögnum er tilefni til að endurskoða innkaup sveitarfélaganna og komast að því stigi á ný.

## Samfélagsmál




9. mynd Hlutfall skráðra líkamsárása á Snæfellsnesi. Samfélagsmál eru mikilvæg til þess að gefa mynd af stöðu sjálfbærnimála á Snæfellsnesi og meðal þeirra eru glæpir og staða atvinnuleysis. Á Snæfellsnesi voru skráðar líkamsárásir 0,43% sem telst framúrskarandi árangur, en á Snæfellsnesi voru skráðir 17 þjófnaðir.




10. mynd Hlutfall atvinnuleysis á Snæfellsnesi hefur verið nokkuð lágt og jafnt síðustu ár og er staðan mjög góð samkvæmt viðmiðum EarthCheck.

## Aðrir skylduvísar



11. mynd Hlutfall umhverfisstærðna ferðaþjónustuaðila á Snæfellsnesi. Frá upphafi vottunar hafa þrjú ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi, hlotið umhverfisstærð. Hlutfall vottnaðra ferðaþjónustufyrirtækja á Snæfellsnesi er undir mörkum samkvæmt staðli EarthCheck samtakanna. Svæðið hefur því fengið aðvörðun hvað þetta atriði varðar og vottunarsamtökin gert kröfur um úrbætur sem fyrst. Meirihluti fyrirtækja falla ekki beint undir starfsemi sveitarfélaganna en þó eru þær kröfur gerðar að sveitarfélögin hvetji og aðstoði fyrirtæki innan svæðisins til þess að starfsemi sína vottaða.



12. mynd Vatnssýni sem standast gæðakröfur, sem hlutfall að öllum vatnssýnum sem tekin eru. Upplýsingar um vatnssýni árið 2018 voru fengnar frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Þar kom fram að bæjarveitur og vatnsveitur sem þjóna ferðaþjónustu og mjólkurframleiðslu á Snæfellsnesi stæðust gæðakröfur. Það eru því 100% þeirra vatnssýna sem tekin voru á svæðinu vegna eftirlits.



## Fyrirlestrar

1. **Jarðarstund og strandhreinsun á Snæfellsnesi:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á samhringing ferðapjónustuaðila á Snæfellsnesi. 12. febrúar 2019.
2. **Umhverfisevntun Snæfellsnes: Samstarfsverkefni á Snæfellsnesi og staðall EarthCheck:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á sveitastjórnarfundum Eyja- og Miklaholtshrepps. 20. febrúar 2019.
3. **Snæfellsnes Peninsula: EarthCheck certified 10 years:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á Regional Trade Meeting á Sao Jorge, Azoreyjum 12. apríl 2019.
4. **Snæfellsnes Peninsula: EarthCheck certified 10 years:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt fyrir gesti frá Háskólanum í British Columbia. Ráðhúsið í Stykkishólmi 13. maí 2019.
5. **Umhverfismál á Snæfellsnesi: Stefna, áætlun og samstarf:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Þjónustunámskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva, Breiðabliki 12. júní 2019.

## Aðsendar greinar í vikublöð

1. Guðrún Magnea Magnúsdóttir (2019). **Umhverfisevntun Snæfellsnes í 10 ár – til hamingju Snæfellingar!** Bæjarblaðið Jökull 14. mars 2019
2. Guðrún Magnea Magnúsdóttir (2019). **Verjum einni Jarðarstund.** Bæjarblaðið Jökull 25. mars 2019.
3. Guðrún Magnea Magnúsdóttir (2019). **Strandhreinsun á Snæfellsnesi 4. maí.** Bæjarblaðið Jökull 26. apríl 2019.
4. Guðrún Magnea Magnúsdóttir (2019). **Vel heppnuð strandhreinsun.** Bæjarblaðið Jökull 9. maí 2019 og Skessuhorn 8. maí 2019.

## Viðtöl

**Umhverfisevntun Snæfellsnes:** Viðtal við Guðrúnu Magneu Magnúsdóttur, Samfélagið Rás 1. Leifur Hauksson. 25. mars 2019.

**„Raunveruleg auðlind okkar í umhverfismálum er fólkkið:** Viðtal við Guðrúnu Magneu Magnúsdóttur, Skessuhorn. Anna Rósa Guðmundsdóttir. 12. júní 2019.